



# Hvað gerir tónmenntakennari?

Innsýn í starf þriggja tónmenntakennara

Hjördís Rós Egilsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs  
Deild faggreinakennslu



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# Hvað gerir tónmenntakennari?

*Innsýn í starf þriggja  
tónmenntakennara*

Hjördís Rós Egilsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á list- og verkgreinar

Leiðbeinandi: Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir

Deild faggreinakennslu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2022

Hvað gerir tónmenntakennari? Innsýn í starf þriggja tónmenntakennara

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-  
prófs í grunnskólakennslu með áherslu á list- og  
verkgreinar við deild faggreinakennslu,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Hjördís Rós Egilsdóttir 2022

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Í þessu verkefni er starf þriggja tónmenntakennara skoðað í þeim tilgangi að greina hvaða aðferðum kennararnir beita í sinni kennslu. Rýnt er í aðalnámskrár og þau fræði sem fjallað hafa um tónmenntakennslu á Íslandi ásamt stuttri umfjöllun um erlenda frumkvöðla í tónmenntakennslufræðum. Heimsóttir voru þrjár tónmenntakennarar og fylgst með starfi þeirra í einn dag. Mikið og fjölbreytt starf fer fram í tónmenntastofunum dag hvern og voru kennararnir sem heimsóttir voru sammála um að gleði og áhugi kennarans skipti sköpum fyrir farsæld í starfi. Verkefnið var unnið í þeim tilgangi að veita innsýn inn í starf tónmenntakennarans og þær áskoranir sem þeir takast á við í starfi sínu. Niðurstöður sýna fjölbreyttar áherslur í kennslustofunni. Kennsluaðferðirnar voru fjölbreyttar og þar má nefna sjálfstæða sköpun, skipulagt samspil og söngstundir. Ákveðnir þættir höfðu þó áhrif á hvaða kennsluaðferðum var beitt í hverjum skóla fyrir sig. Þeir þættir voru aldur og stærð nemendahópana, bakgrunnur kennarana, starfsaðstæður og aðbúnaður þeirra. Allir kennararnir unnu að miklu leyti eftir bekkjarnámskrá sinna skóla sem var tengd við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

# Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
1.1 Markmið og rannsóknarspurning .....	6
1.2 Val á viðfangsefni.....	7
<b>2 Fræðileg þekking</b> .....	<b>8</b>
2.1 Aðalnámskrá.....	8
2.2 Kennsluhættir .....	11
2.3 Frumkvöðlarnir Orff, Dalcroze og Kodály .....	13
<b>3 Vettvangsheimsóknir</b> .....	<b>15</b>
3.1 Skóli A: Unglingastig.....	15
3.1.1 Aðbúnaður .....	16
3.1.2 Kennslustundirnar .....	16
3.1.3 Viðtöl .....	19
3.1.4 Umræður og samantekt.....	19
3.2 Skóli B.....	20
3.2.1 Aðbúnaður .....	20
3.2.2 Kennslustundirnar .....	20
3.2.3 Viðtöl .....	22
3.2.4 Umræður og samantekt.....	23
3.3 Skóli C.....	24
3.3.1 Aðbúnaður .....	24
3.3.2 Kennslustundirnar .....	24
3.3.3 Viðtöl .....	26
3.3.4 Umræður og samantekt.....	27
<b>4 Samantekt</b> .....	<b>28</b>
<b>5 Lokaorð</b> .....	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>32</b>

## Formáli

Hugmyndavinnan á bak við þetta verkefni hefur verið löng og farið í margar áttir. Hugsunin á bak við verkefnið var þó alltaf að fá betri innsýn inn í tónmenntakennsluna, kynnast fleiri tónmenntakennurum og sjá fjölbreytnina sem á sér stað innan veggja tónmenntakennslustofunnar. Það var þó ekki fyrr en í haust að hugmyndin um þetta verkefni varð fastmótuð og hefur það sannarlega gefið mér byr undir báða vængi í mínu starfi og ég vona að það geti verið hvatning til annarra tónmenntakennara í sínu starfi. Mig langar fyrst og fremst að þakka leiðbeinandanum mínum fyrir frábært samstarf, vinir og samstarfsfólk eiga miklar þakkir skildar fyrir stöðuga hvatningu þegar mig langaði að hætta en stærstu þakkirnar fær þó fjölskyldan mín, eiginmaður, dætur, foreldrar og tengdaforeldrar. Þið eruð mínar öflugustu klappstýrur og þetta verkefni hefði ekki klárast nema fyrir ykkar stuðning.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7.nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_ 20\_

---

## 1 Inngangur

Námsgreinin Tónmennt hefur verið kennd hér á landi til fjölda ára en hún kom fyrst fram í aðalnámskrá grunnskóla árið 1976, þar áður hafði tónlist í formi söngs lengi verið hluti af almennri menntun nemenda sem og hluti af stundaskrá. Eftir að tónmennt var innleidd sem námsgrein í aðalnámskrá varð jöfn og þétt aukning í því fagi innan grunnskólanna en á árunum 1981 til 2005 jókst hlutfall skóla sem kenndu tónmennt úr tæpum 60% í rúmlega 80% (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Tónmenntakennslan er þó margskonar og ólíkar áherslur eru hjá hverjum kennara fyrir sig. Í þessu verkefni verða skoðaðar nokkrar slíkar áherslur í vettvangsheimsóknum.

Áður en lengra er haldið langar mig að kynna mig stuttlega og segja frá því hvernig minn áhugi kviknaði á tónmenntakennslu. Tónlist hefur ætíð verið stór hluti af mínu lífi og þá helst söngur. Ung að aldri hóf ég nám við klassískan söng og lauk öðru stigi, sem þá hét. Þegar því stigi var lokið fannst þótti mér klassíska námið ekki passa við mig og tók mér því hlé frá söngnámi. Þegar ég svo hóf nám við Kennaraháskólann í grunnskólakennslu, með áherslu á list- og verkgreinar, með leiklist sem kjörsvið árið 2018, tók ég þráðinn upp aftur í söngnáminu og þá á sviði rytmiskrar söngtækni. Þann vetur kynntist ég valáfanga hjá leiðbeinandanum mínum henni Helgu Rut Guðmundsdóttir sem heitir *Tónlistarleikir til náms og þroska*, sem vakti áhuga minn að nýju. Þessi áfangi gaf mér virkilegan kraft og innblástur, sem í kjölfarið varð kveikjan að því að ég breytti um stefnu í náminu mínu yfir í tónmennt. Samhliða náminu hef ég starfað sem leiðbeinandi í grunnskóla og síðan árið 2020 hef ég fengið að starfa sem tónmenntakennari með nemendum í þriðja til sjöunda bekk.

### 1.1 Markmið og rannsóknarspurning

Meginmarkmið þessa verkefnis var að skoða hvað fer fram í stofunni hjá tónmenntakennurum, að hvaða leyti aðalnámskrá grunnskóla sé fylgt og hvort tónmennt sé í skólanámskrá. Markmiðið var að greina hvert er inntak kennslunnar og hvert sé þema hjá hverjum kennara fyrir sig. Í þessum tilgangi voru tónmenntakennarar heimsóttir, fylgst með kennslu og tekin viðtöl til að komast að



Því hver sé þeirra nálgun á kennslu og heyra hver hugsunin sé á bak við þau verkefni sem lögð séu fyrir hverju sinni. Til að fá sem besta innsýn í þetta viðfangsefni fór ég í vettvangsheimsóknir til þriggja tónmenntakennara sem allir hafa langa reynslu að baki í tónmenntakennslu og fylgdist með starfi þeirra í einn dag og ræddi svo við þá í kjölfarið um hvernig námsmati væri háttað hjá hverjum skóla fyrir sig og hvað þau teldu vera helstu áskoranirnar sem þau mæta í sínu starfi. Til hliðsjónar styðst ég svo við aðalnámskrá grunnskóla, rannsóknir sem gerðar hafa verið um tónmenntakennslu á Íslandi og kenningar þeirra frumkvöðla í tónmenntakennslu sem ég hef kynnst í námi mínu við Háskóla Íslands.

Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með var því eftirfarandi: Hvaða aðferðum beita starfandi tónmenntakennarar í tónmenntakennslu?

## 1.2 Val á viðfangsefni

Á þessum stutta tíma í starfi mínu sem tónmenntakennari hefur tímanum að miklu leyti verið varið í að finna út hvaða þætti ég vil leggja áherslu á í tónmenntakennslu. Hljóðfæraleikur bæði eftir nótum og hljómunum sem og frjáls sköpun hefur verið ríkjandi í minni kennslu í bland við mikinn söng. Þá hef ég einnig notast við spjaldtölvur í gerð raftónlistar af ýmsu tagi. Hjá eldri nemendum hef ég verið með dýpri fræðslu um tónlistarsögu. Nemendur virðast hafa gaman af þeim aðferðum sem ég beiti en oft þykir mér eins og efniviðurinn sem ég hef á milli handanna sé af skornum skammti.

Í námi mínu við Háskóla Íslands hef ég farið í vettvangsnám hjá virkilega færum tónmenntakennurum sem vinna mjög ólíkt með sínum nemendum. Eftir þær heimsóknir varð ég sannarlega reynslunni ríkari og kom út með mörg ný verkfæri í höndunum. Ég hef þó mikinn áhuga á að skoða starfið hjá fleiri kennurum og ná í eins mikinn fróðleik og ég get aflað mér á meðan á námi mínu stendur. Ummræddur áhugi varð kveikjan að þessu lokaverkefni.

## 2 Fræðileg þekking

Hér verður fjallað um þá þekkingu sem er til staðar á sviði tónmenntakennslu, fjallað verður um inntak aðalnámskráa grunnskóla bæði nógildandi og eldri aðalnámskráa til að varpa ljósi á þá þróun sem hefur átt sér stað í áherslum í tónmenntakennslu. Einnig verður litið yfir rannsóknir sem hafa verið gerðar hér á Íslandi ásamt því að farið verður yfir þær kennsluaðferðir sem hafa verið í notkun hér á Íslandi sem og erlendis sem kenndar eru við frumkvöðlana Kodály, Orff og Dalcroze.

### 2.1 Aðalnámskrá

Aðalnámskrá grunnskóla hefur tekið á sig ýmsar birtingarmyndir allt frá árinu 1929. Tónmennt var þó ekki hluti af aðalnámskrá fyrr en árið 1976, en tónlist má þó finna í aðalnámskránni frá árinu 1960 (Námsskrá fyrir nemendur á kennsluskyldualdri, 1960). Þar var aðal áherslan söngur ásamt tónheyrn og tónfræði. Mikil raddþjálfun átti að fara fram í kennslu og söngvarnir sem kenndir voru þá settir fram í formi þjóðlaga, sálma, keðjusöngva og svo framvegis. Farið er yfir hvern árgang fyrir sig og hvaða tegund söngva átti að kenna hverjum árgangi fyrir sig. Í þessari námskrá voru einnig settar miklar kröfur hvað varðandi skólaföndun, stærð hennar og aðbúnaðar, þó var einnig tekið fram að erfitt væri að uppfylla þær kröfur og því átti að haga kennslunni samkvæmt því sem framkvæmanlegt var á hverjum stað fyrir sig (Námsskrá fyrir nemendur á kennsluskyldualdri, 1960).

Árið 1976 kom svo út tímamótanámskrá sem gefin var út í tíu hlutum, almennum hluta og svo níu greinabundnum námskrám þar sem námsgreinin tónmennt fékk sér hluta útaf fyrir sig eða 47 blaðsíður. Þá var einnig áætlað líkt og í námskránni frá 1960 að tónmennt yrði kennd í 1 kennslustund á viku, söngurinn átti enn að vera aðaluppistaða námsins en einnig má sjá hvar aðrir þættir tónmenntar voru innleiddir í þessari námskrá.

- Hljóðfæraleikur, þar sem stuðst var við fræði Carl Orff og Kodály og sérstök skólahljóðfæri.
- Hreyfing og leikir, nemendur dónsuðu við tónlist og leituðu eftir ákveðnu

einkenni til að dansa við, hlustuðu á taktinn, hraðabreytingar og blæbrigði og svo framvegis, eða öfugt þar sem nemendur dönsuðu og hljóðfæraleikarar reyndu að mynda tónlist við dansinn

- Tónlistarþjálfun, lestur og ritun, í formi formlegrar eða ófomlegrar tónheyrnar og tónfræði
- Hljóðheimur og sköpun, þar sem nemendur voru fræddir um áhrif hljóðs, nemendur könnuðu hljóð og rituðu hljóð.

Í þessum hluta var farið yfir skipulagningu kennslu, gerð kennsluáætlana, samþættingu, námsmat, starfsaðstöðu og kennslutæki. Hér má því sjá að farið hefur verið mun nákvæmar í saumana á innihaldi tónmenntakennslu en áður (Aðalnámskrá grunnskóla, 1976).

Aðalnámskrá grunnskólanna sem kom út árið 1989 sýndi svo mun skarpari línur og námsþættirnir voru settir fram á skýrari máta. Þeim var skipt upp í fjóra kafla: Söngur og raddbeiting; hreyfing og tjáning; hljóðgjafar og hljóðfæri; hlustun og kynning. Hver kafli hafði undirflokkum sem sýndi markmið hvers flokks fyrir sig. Námsþáttunum var skipt niður í þrjá hluta eftir aldurshópum. Kaflarnir um aldurhópa tíunda tillögur af námsþáttum við hæfi sem svo tónmenntakennarinn velur úr og forgangsraðar út frá aðstæðum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989). Í þessari aðalnámskrá má sjá auknar kröfur á kennslu tónmennta, söngurinn var enn talinn mikilvægur en þó fengu aðrir námsþættir tónmenntakennslunnar meira vægi.

Árið 1999 varð mikil breyting á aðalnámskránni, þar sem kallað hafði verið eftir samræmdara námsmati og samkeppni og var því kalli svarað eins sjá má strax í inngangi almenna hlutans hvers konar stefnu átti að taka í menntamálum hér á landi (Meyvant Þórólfsson, 2015);

„Tugir þúsunda Íslendinga á öllum aldri stunda nám. Þeir eiga rétt á því að inntak námsins fullnægi afdráttarlausum kröfum. Námstímann ber að nýta vel og stefna að góðum árangri með aga og skýrum markmiðum“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls.5)

Úr þessu má lesa að bóklegu greinarnar áttu að fá meira vægi en áður sem sýnir

sig þegar litið er til viðmiðunarstundarskráarinnar frá árinu 1999. Listgreinarnar sem áður áttu sér kafla hver fyrir sig í þeim námskrám sem áður höfðu verið gefnar út voru settar allar saman undir eina grein, listir. Listgreinar fengu úthlutaðar fjórar kennslustundir á viku til að deila átti á milli fimm listgreina; myndlist, textílmenn, tónmennt, leikræn tjáning og dans. Nýting tímans var skýrð svo að myndlist, textílmenn og tónmennt stæðu sem sjálfstæðar skyldunámsgreinar en dans og leikræna tjáningu átti að samþætta með öðrum námsgreinum (Aðalnámskrá grunnskóla; námskrár 5, 1999). Þegar litið er yfir hefti sem gefið var út fyrir listgreinar, má greina ákveðna sérstöðu sem ekki hafði sést áður og hefur ekki verið birt aftur. Í því samhengi þar má finna dæmi um námsmatsverkefni fyrir hvert skólastig fyrir sig. Námsmatið gefur skýrar leiðbeiningar um hvernig kenna skuli tónmenntina en á sama tíma getur slíkt námsmat heft sköpunarstarfið sem á sér stað í tónmenntastofunni. Leiðbeiningarnar gáfu einnig til kynna að þriðjungur tónmenntakennslunnar átti að vera undir sterkum áhrifum vestrænnar klassískar tónlistar þá sér í lagi þegar horft var til lokamarkmiða í frum-, efnis-, og leikniþáttum. Þættirnir sögulegt og félagslegt samhengi og tónlistarlegt innsæi færa svo tónmenntakennurum aukið frelsi til sköpunar og fjölbreyttrar þekkingaröflunar í kennslustofunni (Aðalnámskrá grunnskóla; námskrár 5, 1999).

Tónmenntahluti aðalnámskráarinnar frá árinu 2007 er að mestu leyti eins og frá árinu 1999. Við samanburð má sjá örfáar málfarsbreytingar en að öðru leyti er um sömu námskrá í tónmennt að ræða, fyrir utan að önnur þeirra er frá árinu 1999 og hin frá árinu 2007. Viðmiðunarstundartaflan sýnir einnig sömu úthlutun á tímum innan listgreinanna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007). Farið er fögurum orðum um tónmenntina í inngangi og lagt mikið uppúr því að gildi tónmenntakennslunnar sé haldið á lofti.

„Tónlist er sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt er að þroska með markvissri kennslu og þjálfun. Fyrir menntun hvers einstaklings hefur tónmenntarkennsla víðtækt gildi sem felst í því að efla alhliða þroska nemandans. Tónlistariðkun krefst líkamsþjálfunar, skapandi og rökréttar hugsunar og agaðra og skipulegra vinnubragða.

Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málþroska, formskynjun,

samvinnu og samlíðan, félagsmótun, hlutfallaskynjun, sögu og samfélagsskilning.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007)

Gera má ráð fyrir því að stjórnvöld hafi verið ánægð með þá kennslu sem fór fram undir aðalnámskránni frá 1999 ef horft er til þeirra litlu breytinga sem gerðar voru á milli ára.

Nýjasta aðalnámskráin er svo frá árinu 2013, en hún kom út í tveimur hlutum, annars vegar almennur hluti sem gefin var út árið 2011 og hins vegar greinasvið sem gefin var út árið 2013. Það má segja að hér sé einnig um tímamótanámskrá að ræða því einkunnarkerfinu var umturnað og tölulegar einkunnargjafir fjarlægðar og í staðinn komu inn hæfniviðmið og bókstafir. Tónmenntahluti þessarar námskráar er mjög opinn sem gefur tónmenntakennurum mikil tækifæri til sköpunar, eigin útfærslna á námsaðferðum og fjölbreyttni í kennslu. Þó má sjá að vestræn tónfræði og nótnalestur hafa enn stór ítök. Viðmiðunarstundartaflan breyttist að einhverju leyti í þessari útgáfu aðalnámskrárinnar og var tekið af tíma tónmenntar, þar sem áður var 1-2 kennslustundir eða 40-80 mínútur á viku, var skorið niður í 37,5 mínútur á viku og á þetta við um allar list- og verkgreinar sem taldar eru upp í aðalnámskrá. Einnig kemur fram í aðalnámskrá að „Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms stuðlar að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum farveg“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

## 2.2 Kennsluhættir

Kennsluhættir í tónmennt hafa tekið miklum breytingum í gegnum árin og er margt sem hefur þar áhrif. Aðalnámskrá er einn þeirra þátta sem hafa áhrif á kennsluhætti en einnig eru utanaðkomandi þættir líkt og tækniþróun, fjármagn og annað slíkt sem getur haft áhrif. Í rannsókn sem gerð var á list- og verkgreinum á árunum 2008-2013 voru list- og verkgreinakennarar spurðir hversu mikið þeir styddust við aðalnámskrá og skólanámskrá. Þar kom fram að list- og verkgreinakennarar styðjast sjaldnar við aðalnámskrá við undirbúning kennslu að hausti. Í hópaviðtölum kom svo fram að kennarar studdust mun frekar við skólanámskrá en aðalnámskrá. Þá kom einnig fram að kennarar töldu að miklu leyti ómögulegt að komast yfir þá þætti sem koma fram í aðalnámskrá á þeim stutta tíma sem þeir fá með nemendunum með gleði og gagnsemi nemenda í

forgrunni á sama tíma (Gerður G. Óskarsdóttir, Krisín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir, 2014).

*„Tónmenntakennari sagðist til dæmis ekki kenna nemendum nótnalestur, en hann vildi að nemendur gætu skrásett verk sín með einhverjum hætti og því kenndi hann þeim að taka þau upp þótt það væri ekki meðal markmiða í aðalnámskrá“ (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014)*

Í rannsókninni var list- og verkgreinunum skipt niður í frumkvæðiskvarða sem skiptist í þrjú þrep, á fyrsta frumkvæðisþrepi vinna nemendur eftir ákveðinni fyrirmynd kennara þar sem allt ferlið og lokaafurðin er fyrirfram ákveðin. Í öðru frumkvæðisþrepi fá nemendurnir viðfangsefni sem hefur nokkrar mögulegar lausnir og þarf því að sýna nokkuð frumkvæði. Í þriðja frumkvæðisþrepinu eru svo nemendurnir við stýrið og búa til sína eigin lausn á viðfangsefninu (Gerður G Óskarsdóttir o.fl., 2014). Þessi rannsókn sýndi fram á að tónmennt er þar almennt á frumkvæðisþrepi tvö eða í 83% tilvika, þá er átt við verkefni þar sem nemendur spila saman ákveðið lag á skólahljóðfæri eða syngja saman. Þar er komin ákveðin laglína en undir nemendunum komið hvernig túlkun eða tjáning er sett fram með laginu. Í 17% tilvika var þó kennslan í frumkvæðisþrepi þrjú en þá voru nemendur að semja verkefni frá grunni til dæmis fyrir hljómsveit (Gerður G Óskarsdóttir o.fl., 2014).

Í rannsókninni kom einnig fram að mikil samvinna og hópastarf var ríkjandi í tónmenntakennslu eða í 100% tilvika. Það var þó að miklu leyti kennarastýrt en nemendur gátu haft áhrif á hvaða útfærslur þeir vildu setja á verkin sín.

Rannsókn sem Helga Rut Guðmundsdóttir gerði árið 2013 rennir svo enn frekar stoðum undir það sem fram kemur í greininni sem farið var yfir hér á undan, þá sér í lagi hvað varðar aðalnámskrá. Í rannsókninni túlkuðu kennarar aðalnámskrána á tvo vegu, annar vegar töldu kennarar hana mjög opna og setja þeim lítil mörk. Hinsvegar töldu kennarar sig nánast vera að bugast undan því að ná þeim markmiðum sem aðalnámskráin kveður á um (Helga Rut, 2013). Rannsóknin er byggð á viðtölum við tólf tónmenntakennara og hlutverk þeirra könnuð ásamt fyrirkomulagi tónmenntakennslu. Svör þeirra voru mjög misjöfn en allir voru þeir

þó sammála því að söngur væri mikilvægur þegar kemur að tónmennt. Mörgum þeirra þótti nótalestur og tónfræði mætti missa sín en þó ekki öllum. Sömuleiðis kom fram að þeim þætti erfitt að sinna skapandi vinnu með hljóðfæri með þá stærð af nemendahópum sem þeir voru með. Í samantekt um kennsluaðferðir er greinilegt að aðferðir kennara eru mismunandi og fjölbreyttar. Sem dæmi má nefna söng, klappleiki og notkun skólahljóðfæra, hlustun og verkefnavinna og sjálfstæð vinna í formi útsetninga og tónsköpunar sem og tölvutónlist (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013).

### 2.3 Frumkvöðlarnir Orff, Dalcroze og Kodály

Í námi mínu í tónmenntakennslufræðum hafa þeir Carl Orff, Zoltán Kodály og Émile Jaques-Dalcroze verið hvað helst í brennidepli. Þeir hafa þróað leiðir til að kenna nemendum að spila, flytja og hlusta á tónlist á skilvirkan máta. Aðferðir þeirra eru mjög ólíkar en hafa allar það að markmiði að gera tónlistina aðgengilegri fyrir alla nemendur. Ef horft er til aðalnámskrár grunnskóla má sjá að aðferðir þeirra eiga vel heima í íslenskum tónmenntakennslu stofum.

Orff aðferðin sem er einnig þekkt sem Orff Schulwerk, er skapandi kennsluaðferð sem byggir í grunninn á því að nemendurnir skapi sín eigin verk, sem þeir gera náttúrulega og án þjálfunar. Að kanna og upplifa eru lykilorð aðferðarinnar og eftir því sem nemandi verður færari í sköpuninni bætast við einfaldar nótur og stuttar laglínur, sem síðar færast í pentatónískar laglínur. Orff hljóðfærin eru fjölbreytt og eru hér á Íslandi oftast kölluð skólahljóðfæri. Þau samanstanda af tréspilum, klukkuspilum, trommum og hristum af ýmsu tagi (Mark and Madura, 2010).

Dalcroze aðferðin eða Dalcroze eurhythmics er að einhverju leyti minna þekkt kennsluaðferð heldur en Orff og Kodály en hún er alls ekki síðri. Dalcroze lagði upp með að efla nemendur í hlustun, tjáningu og rytmískri færni. Þessir þættir eru því settir saman í náttúrulegar hreyfingar líkamans við tónlist. Í stuttu máli er kjarni Dalcroze sá að kennari leikur tónlist að einhverju tagi eða nemendur syngja. Nemendurnir ganga af stað í takt við lagið sem kennarinn setur fram, því næst gefur kennarinn hin ýmsu fyrirmæli um hreyfingar nemendanna. Nemendum er þá hægt að skipta upp í hópa og gera mismunandi hreyfingar. Þessar æfingar efla hlustun nemenda og gefa nemendum tækifæri að upplifa hina ýmsu þætti tónlistarinnar (Mark and Madura, 2010)

Kodály aðferðin kennir nemendum að vera læsir á tónlist, aðallega í gegnum söng, en röddin er eina hljóðfærið sem allir eiga. Kodály trúði því að börn ættu að geta sungið þjóðlög og ættu einnig að þekkja tónlist sinnar menningar. Aðferðin hans byggist á svokölluðu færanlegu solfage kerfi (Do Re Mi Fa So La Ti Do), með handabendingum (Curwen), sem styðja við sönginn. Með því að tengja sérstaka handabendingu við hverja nótu í solfage kerfinu ættu nemendurnir að geta orðið læsir á nótur í gegnum söng. Einnig notaðist hann við atkvæða hrynjanda (e. rhythm Syllable) til að kenna rytmalestur (dæmi: Ta og tí-tí) sem þróað var af Émile Chevé. (Mark and Madura, 2010)



### 3 Vettvangsheimsóknir

Í námi mínu í kennslufræðum með áherslu á tónmennt hafa vettvangsheimsóknir reynst mér afar vel. Þær eru tækifæri til að sjá reynslumikla leiðsagnarkennara við störf og fá að kenna nemendum undir handleiðslu þeirra. Því lá beinast við að halda því áfram og gera það að viðfangsefni mínu í þessu verkefni. Ég heimsótti þrjá skóla á höfuðborgarsvæðinu sem allir eru með tónmenntakennara sem hafa getið af sér gott orðspor í kennslu. Allir höfðu þeir mismunandi bakgrunn sem endurspegladist í áherslum í kennslu þeirra. Fyrsti skólinn, skóli A, var einungis með nemendur á efsta stigi. Þar fylgdist ég með nemendum í áttunda bekk, valáfanga í tónmennt og einstaklingstímum. Annar skólinn sem ég heimsótti, skóli B, er með nemendur frá fyrsta upp í tíunda bekk ásamt því að vera með deild fyrir fimm ára nemendur. Í þeim skóla fylgdist ég með kennslustundum hjá fyrsta- fjórða- og sjötta bekk. Þriðji skólinn sem ég heimsótti, skóli C, er með nemendur frá fyrsta-til sjötta bekk. Í þeim skóla fylgdist ég með kennslustundum nemenda í öllum árgöngum að undanskildum fjórða bekk. Að þessum heimsóknum loknum ræddi ég við kennarana þar sem mér þótti ekki síður mikilvægt að fá vitneskju um framkvæmd námsmats og hvort það sé tengt við aðalnámskrá eða bekkjarnámskrá. Í samtölum okkar fórum við yfir hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu og ráðleggingar til nýrra tónmenntakennara.

Þessir tímar sem ég heimsótti áttu það allir sameiginlegt að mikil áhersla var lögð á virkni nemenda, hvort sem það var í formi hlustunar, söngs, samspils eða annarar verkefnavinnu og alls staðar mátti sjá mikla gleði. Form og framkvæmd fór að miklu leyti eftir styrkleikum og bakgrunni kennara. Í skóla A var verið að vinna með upptökur og tónsköpun, í skóla B var mikið um söng og samspil og í skóla C var söngurinn ríkjandi ásamt virkri hlustun, sköpun og öðrum tónlistarverkefnum. Þá má einnig geta þess að Hrekkjavaka var á næsta leiti og má greina áhrif hennar í nokkrum verkefnum tónmenntakennaranna.

#### 3.1 Skóli A: Unglingastig

Í skóla A fá allir nemendur áttunda bekkjar tónmenntakennslu, níundi og tíundi bekkur hefur svo kost á því að taka hina ýmsu tónmenntaáfanga sem valgrein. Þar má nefna hljóðfærasmíði, upptöku og hljóðvinnslu, kvikmyndatónlist og sköpun. Mismunandi er eftir lotum hve margir nemendur eru í val áföngunum en þeir geta

verið frá fjórum til fjórtán nemendum hverju sinni. Í áttunda bekk kemur helmingur bekkjarins og eru það tólf til fjórtán nemendur í senn.

### **3.1.1 Aðbúnaður í skóla A**

Tónmenntastofan er rúmgóð og í stofunni er sófi og stólar sem nemendur fá sér sæti á við komuna inn í kennslustofuna. Vinnuborð eru víðsvegar um stofuna en þau eru notuð þegar verið er að vinna að tónlist við tölvur. Mikið er af hljóðfærum víðsvegar um stofuna, gítarar hanga upp á vegg ásamt ukulelei, þrjú hljómborð, congo trommu, trommuset og nokkur midi hljómborð. Hljóðkerfi er til staðar í stofunni ásamt upptökutækjum. Skjávarpi er einnig í stofunni og er hann staðsettur fyrir framan sófann og stólana. Stofan er einnig útbúin borðtölvu, fartölvum og spjaldtölvum sem innihalda fjölbreytt forrit til upptöku og tónlistarsköpunar. Stofan er að mörgu leyti mjög hentug til tónmenntakennslu, þá sér í lagi á efsta stigi grunnskóla þar sem nemendur eru orðnir talsvert móttækilegri fyrir flóknari fyrirmælum. Stofan er augljóslega skipulögð með það í huga að ýta undir sköpun nemenda.

### **3.1.2 Kennslustundirnar í skóla A**

Í heimsókn minni í skóla A fékk ég að fylgjast með fimm kennslustundum, sem voru mjög fjölbreyttar. Þar voru tvær einstaklingskennslustundir hjá nemendum sem vinna samkvæmt einstaklingsnámskrá af mismunandi ástæðum. Eins voru tvær kennslustundir hjá áttunda bekk og val áfangi hjá tíunda bekk í kvikmyndatónlist.

Fyrsta kennslustundin sem ég fylgdist með var einstaklingskennslustund hjá nemanda í tíunda bekk. Nemandinn hefur mikinn áhuga á raftónlist og almennri hljóðvers vinnu. Hann fær samhliða þessum tímum að mæta í starfsnám í fjóra tíma á viku í hljóðveri. Nemandinn er afburða flinkur á þessu sviði og hafði kennarinn orð á því að oftast er nemandinn að sýna kennaranum eitthvað nýtt. Í þessum tíma mátti sjá að nemandinn hafði tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð í gerð raftónlistar og þrátt fyrir að einungis vika hafði liðið frá því að hann kom síðast hafði hann náð að kynna sér margskonar aðferðir í gerð takta og annarar taktröðunnar (e.beat sequencer). Nemandinn hafði einnig náð að kynna sér önnur forrit sem hægt er að nota samhliða því forriti sem hann var að nota og var útkoman virkilega skemmtileg. Kennarinn og nemandinn ræddu saman á jafningja

grundvelli og augljóst var að nemandanum leið vel í þessum umhverfi.

Önnur kennslustundin var hjá áttunda bekk, í þeirri kennslustund voru ellefu nemendur sem voru að vinna að hópaverkefni sem kallast karakter verkefni. Nemendur höfðu í tímanum á undan fengið innlögn frá kennara með kveikju af því verkefni. Þá stuttist hann við hugmyndir Aldous Harding en hún setur sig í hlutverk áður en hún byrjar að semja tónlist og er því tónlistin samin út frá þeim einstakling sem hún er að túlka. Nemendur höfðu einnig fengið fyrirmæli um hvernig framkvæma ætti verkefnið í tímanum á undan og var það sett mjög skýrt fram. Nemendur áttu að byrja á því að búa sér til hlutverk og semja svo tónlistina út frá því hlutverki. Þegar nemendur komu inni kennslustundina var tekin smá tími í umræður og litið yfir fyrri verk nemenda sem eru inná sameiginlegri youtube rás kennslustofunnar. Síðan var farið yfir stöðu verkefnis hjá hverjum hóp fyrir sig og því næst fóru nemendur á sinn stað til að halda áfram með verkefnið. Tónlistin var samin í tölvum víðsvegar um stofuna og studdust nemendur bæði við forritin *garageband* og *abelton*. Þá voru nemendur einnig með midi hljómborð og hljóðnema til stuðnings við tónlistagerð sína. Tíminn gekk að öllu leyti mjög vel, nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og mátti sjá vinnugleði í hverju horni stofunnar. Kennarinn hafði lagt verkefnið vel inn og fyrirmælin voru skýr. Örlítill ringulreið átti sér stað þegar verkefnavinnan hófst en það er viðbúið að slíkt gerist þegar verið er að vinna með tækjakost á borð við það sem talið var upp hér að ofan. Kennarinn var hinsvegar fljótur að bregðast við því og innan skamms höfðu allir hafist handa við sín verkefni.

Þriðja kennslustundin var einstaklingskennslustund og þar var nemandi í sérúrræði og er þessi tími nýttur sem áhugahvati fyrir nemandann til að mæta í skólann. Nemandinn hafði mikinn áhuga á að læra á gítar og nýttast tímarnir því að mestu leyti í það. Nemandinn hafði fengið lag í tímanum á undan sem hann hafði lært heima yfir vikuna og byrjaði tíminn á því að fara yfir það lag. Næst skoðuðu þeir lög með hljómsveitinni Nirvana og prófuðu þeir stutt samspil á einu lagi frá þeirri hljómsveit. Í lokinn sýndi nemandinn svo kennaranum lag sem hann hafði verið að skoða og prófa sig áfram með. Þeir fóru vel yfir lagið og hljómana sem fylgdu því. Augljóst var að nemandinn hafði gaman að þessari stund með kennaranum og nemandinn var mjög áhugasamur og fljótur að ná þeim hljómi sem kennarinn hafði sýnt honum.

Fjórða kennslustundin í þessari heimsókn var hjá áttunda bekk, í þeirri kennslustund voru þrettán nemendur. Sú kennslustund var að mörgu leyti eins uppbyggð og sú kennslustund hjá áttunda bekk á undan. Hér mátti þó greina mun fjörugari nemendahóp. Nemendurnir voru líkt og í hópnum á undan, á mismunandi stöðum í verkefninu. Eftir að búið var að fara yfir eldri karakter verkefni nemenda fóru nemendur af stað í sína hópa til að halda áfram með sína verkefnavinnu. Í þessari kennslustund var mikill munur á styrkleikum nemenda og átti því kennarinn fullt í fangi með að aðstoða hópana. Honum fórst það samt sem áður mjög vel úr hendi og fengu allir nemendurnir tækifæri til að vinna að sínum verkefnum.

Fimmta og jafnframt síðasta kennslustundin var valtimi í kvikmyndatónlist hjá tíunda bekk. Í þessari lotu voru fimm nemendur og í þessari kennslustund var viðfangsefnið þöglar bíómyndir. Nemendur byrjuðu á því að fá sér sæti í sófann fyrir framan skjávarpan og þar ræddi kennarinn stuttlega um þöglar bíómyndir áður en hann sýndi þeim myndband af einstaklingi spila á píanó undir slíka bíómynd. Þá var rætt stuttlega um það sem átti sér stað í myndbandinu. Kennarinn sýndi þá nemendum myndbrot úr kvikmynd frá Charlie Chaplin þar sem hann fer með „Greatest speech ever made“ og í kjölfarið var skoðað hvernig hann fór með ræðuna sem byrjar mjög rólega og verður svo kröftugri þegar líða tekur á ræðuna og endar með hálfgerðum öskrum. Að því loknu fór kennarinn yfir verkefni dagsins sem byggðist á frjálstri sköpun nemenda með fyrirfram ákveðnum tilfinningum. Nemendur fá frjálst val um hljóðfæri og völdu nemendur að spila á hljómborð, trommusett, congo trommur og kennarinn settist sjálfur við hljómborð. Tilfinningin sem þeir unnu með var spennuþrungin í anda ræðunnar með stöðugri uppbyggingu (e. crescendo). Áður en upptakan var sett af stað prófuðu þeir sig áfram með efnið og þegar spuninn var kominn á gott skrið var upptakan sett í gang og hófst þá spuninn fyrir alvöru. Útkoman varð virkilega flott og tókst nemendum að lifa sig vel inn í spunann. Nemendurnir fylgdu þeim fyrirmælum sem kennarinn hafði sett fram og settu einnig sinn eigin svip á sköpunina. Nemendurnir fengu einnig að koma með hugmyndir af þeim tilfinningum sem gætu sett meiri svip á ræðuna með tónlistinni. Tímanum lauk svo á stuttri yfirferð á því sem þeir höfðu farið yfir í tímanum.

### 3.1.3 Viðtal við kennara A

Þegar kom að námsmati þótti kennaranum mikilvægt að horfa til upplifunar nemenda framar getu, í tónmennt. Erfitt er að gera grein fyrir hvað nær til hvers nemanda fyrir sig. Hann notast við hæfniviðmið aðalnámskráar en á sama tíma fá allir sömu einkunn nema að nemandi sýni framúrskarandi árangur og þá grípur hann til þeirra einkunnagjafa. Hann telur ekki ástæðu til þess að gefa nemanda til kynna að hann sé ekki nógu góður í formi einkunna, tónmenntanámi er í raun ekki til þess fallið og eins og hann kom sjálfur að orði „*þetta er bara öðruvísi fag*“.

Helsta áskorunin sem hann hefur mætt á sínum tíma sem tónmenntakennari er óæskileg hegðun nemenda þá helst þegar hann var að kenna yngri nemendum í þeim skóla sem hann starfaði í áður. Hann mætir því þó í lágmarki eftir að hann fór að starfa með unglingum, þó leynist alltaf einn og einn og getur það verið mjög hvíleitt og tekið mikinn tíma af kennslustundinni.

Sú ráðlegging sem hann vildi fyrst og fremst koma á framfæri til nýrra tónmenntakennara var að vera duglegur að finna efnivið sem maður er sjálfur spenntur fyrir í kennslunni og treysta á það því að í raun sé ekki hægt að kenna tónmennt vitlaust ef áhuginn er til staðar.

### 3.1.4 Umræður og samantekt um skóla A

Í þessum kennslustundum sem ég fékk að fylgjast með var lögð rík áhersla á virkni nemenda, skilning þeirra á því sem verið var að vinna að og frjálsri sköpun. Í hóptímum gaf kennarinn nemendum ekki hugmynd um endanlega niðurstöðu heldur einungis kröfu um að ákveðin atriði kæmu fram í verkum þeirra. Sem myndi setja þær kennslustundir í frumkvæðiþrep þrjú. Nemendurnir sýndu alla jafna sjálfstæð vinnubrögð og kennarinn var duglegur að hvetja nemendahópina áfram bæði með því að finna það góða sem átti sér stað í sköpuninni. Einnig með því að koma með ábendingar um hvernig mætti útfæra verkið betur.

Það var aðdáunarvert að fylgjast með einstaklingskennslustundunum, samskiptin á milli kennara og nemanda fóru fram af mikilli virðingu og mátti sjá greinilegan áhuga hjá báðum nemendum. Áherslur tímanna voru þó mjög ólíkar, annarsvegar sköpun í formi tölvutónlistar, upptöku og annarrar hljóðvinnslu og hinsvegar í formi hljóðfærakennslu. Í báðum tilvikum mátti þó greina jákvæða upplifun

nemenda.

### **3.2 Skóli B: Yngsta og miðstig**

Í skóla B eru nemendur frá efsta ári leikskóla til tíunda bekkjar. Tónmenntakennarinn sem ég heimsótti þar stýrir tónmenntakennslu á yngsta stigi og miðstigi. Skólinn býður einnig upp á valgreinar fyrir nemendur á efsta stigi skólans en annar tónmenntakennari stýrir því. Nemendur í fyrsta og öðrum bekk eru í tónmennt tvisvar í viku og nemendur í þriðja til sjöunda bekk eru einusinni í viku. Í öllum kennslustundum er hálfur bekkur í senn eða um tíu nemendur í fjörtíu mínútur. Í skólanum er svo söngur á sal skólans á hverjum föstudegi þar sem nemendur syngja sex til sjö lög saman og er foreldrum velkomið að koma og sjá börnin flytja lög sem þau hafa verið að læra.

#### **3.2.1 Aðbúnaður í skóla B**

Stærð kennslustofunnar er mjög hentug til tónmenntakennslu, engir stólar eru í stofunni né borð, þó eru kollar og litlar sessur sem hægt er að tilla sér á þegar verið er að spila á hljóðfæri. Stofan er útbúin fjölbreyttum hljóðfærum á borð við stafspil (sópran, alt og bassa), klukkuspil og önnur skólahljóðfæri líkt og trétafir, hristur, guiro. Þrjú hljómborð eru í stofunni, fjórir gítarar, átta ukulele, congo trommur og djembe ásamt handtrommum. Þessi listi er þó ekki tæmandi því einnig voru þar hljóðfæri sem tilheyra valáföngunum á unglingsstigi. Líkt og rafmagnsgítar, rafbassi, rafmagnstrommuset, midi hljómborð og hljóðkerfi.

Þessi kennslustofa er mjög hentug fyrir tónmenntakennslu á öllum stigum grunnskólans, bæði til samspils eftir fyrirfram ákveðnum nótum og til frjálsrar sköpunar. Það ættu því allir nemendur að geta fundið eitthvað við sitt hæfi innan veggja kennslustofunnar.

#### **3.2.2 Kennslustundirnar í skóla B**

Í heimsókn minni í skóla B fékk ég að fylgjast með fimm kennslustundum í tónmennt, einni kennslustund í fyrsta bekk, tveimur kennslustundum í fjórða bekk og tveimur kennslustundum í sjötta bekk.

Fyrsta kennslustund dagsins var hjá fyrsta bekk, í upprunalegu skipulagi átti

bekkurinn að koma í tvennu lagi í tveimur samliggjandi tímum en vegna óviðráðanlegra aðstæðna kom allur bekkurinn í þetta sinn. Þurfti því að breyta út frá upphaflegu skipulagi, en þó einungis lítillega. Í upphafi tímans byrjuðu nemendur á því að standa í hring á miðju gólfi, smá óróleiki var í hópnum og hófst tíminn því á að klappa hvert öðru á bakið. Því næst var farið í upprifjun á lagi sem hópurinn hafði lært í síðasta tíma, en nemendurnir höfðu lært lagið Draugatangó sem er úr kennsluheftinu *Það var lagið*. Nemendurnir þekktu orðið lagið vel og settu fram skemmtilega leikræna tilburði út frá texta lagsins. Þá var farið í leik sem fylgir laginu þar sem einn nemendi leikur drauginn og velur svo næsta til að taka við. Næst var farið yfir ljóð sem nemendahóparnir höfðu samið í tímanum á undan. Í því var verið að búa til galdraseyði úr allskyns hlutum sem nemendurnir stungu uppá. Í takt við áherslurnar í ljóðinu þóttust nemendur kasta hlutunum í galdrapott og hræra. Í lok tímans stóðu allir á fætur og kennarinn setti tónlist í gang sem nemendurnir dönsuðu við í formi hringdans. Kennarinn breytti svo hringdansinum í samræmi við lagið. Dansinn var mjög auðveldur og því þurfti ekki að taka tíma til að kenna nemendunum dansinn heldur gátu þeir auðveldlega fylgt kennaranum eftir.

Önnur kennslustund dagsins var með nemendum úr fjórða bekk. Nemendur höfðu verið að vinna að samspili í tímanum sem fram fór vikuna áður. Lagið sem verið var að vinna með heitir *Krummi svaf í klettagjá* sem kom til úr fyrri tíma þar sem verið var að ræða e-skalan eða kirkjuskalann. Nemendurnir höfðu sjálfir tengt það við lagið og lá því beinast við að prófa að spila það saman. Nemendur sóttu sér hljóðfærin sem þeir höfðu verið að nota í tímanum á undan en það voru stafspilin (bassi, alt og sópran) og klukkuspil. Bassinn fékk ákveðin fyrirmæli sem ekki mátti bregða út af og þurfti að sjá um að halda taktinum. Altinn spilaði laglínuna á meðan sópran og klukkuspilin spiluðu fyrirfram ákveðin þrástef undir laglínuna. Næst fengu allir nemendurnir að spinna þrástef á e-skalanum, nemendurnir voru fljótir að finna góða samsetningu á nótum sem í kjölfarið var nýtt sem þrástef á meðan nemendurnir á alt stafspilunum spiluðu laglínu. Inn á milli ræddi kennarinn um skalann sem nemendurnir voru að vinna eftir. Einnig kom kennarinn inn á hugtakið þrástef. Í lok tímans vildu nemendurnir endilega sýna mér brot úr verki sem þau höfðu samið ásamt umsjónarkennara og tónmenntakennara út frá bókunum um litskrúðuga fílinn Elmar eftir David McKee.

Í þriðju kennslustundinni kom seinni hópurinn af þessum bekk. Kennarinn hafði svipaða uppbyggingu fyrir þennan tíma en byggði kennsluna á laginu *Móðir mín í kví kví*. Í tímanum á undan hafði kennarinn líkt og með hinum hópnum farið yfir e-skalann í tímanum á undan og þar sem hópurinn á undan hafði stillt upp stofunni nýtti kennarinn tímann sem hefði annars farið í það í að segja nemendum söguna á bak við lagið *Móðir mín í kví kví*. Að öðru leyti var kennslustundin eins og í tímanum á undan.

Fjórðu og fimmtu kennslustundir dagsins voru hjá sjötta bekk, helmingur bekkisins í fyrri tímanum og hinn helmingurinn kom í seinni tímann. Kennslustundirnar voru eins uppbyggðar og nemendurnir voru að vinna að sama lagi. Lagið sem nemendurnir voru að spila var lagið *Hey Jude* með Bítlunum, nemendurnir höfðu byrjað að læra A kaflann í tímanum á undan og var því byrjað á að rifja upp þann hluta lagsins. Nemendurnir notuðu að hluta til sömu hljóðfæri og í fjórði bekkur en bættu við gítari, ukulele og hljómborði. Ukulele, gítar og hljómborð spiluðu hljómana á meðan stafspilin, bassi, alt og sópran, spiluðu ýmist þrúndir eða fimmundir undir lagið. Nemendurnir höfðu engar nótur en kennarinn hafði varpað hljómunum upp á skjávarpa. Kennarinn fór yfir nóturnar sem stafspilin áttu að spila og voru nemendurnir fljótir að ná fyrirmælum kennarans. Eftir upprifjunina bætti kennarinn við B kafla lagsins. Fyrst spilaði hann sjálfur kaflann fyrir þau og gaf svo fyrirmæli um hvernig breytingin væri á milli kafla. Fyrirmælin voru skýr og nemendur aftur snöggir að ná fyrirmælum kennarans. Í lok tímans náðu báðir nemendahóparnir vel heppnuðu samspili á A og B kafla lagsins. Mikill munur var á milli nemendahópanna tveggja og mátti greina talsvert meiri óróleika í seinni hópnum, sérstaklega í upphafi kennslustundarinnar. Það tók því lengri tíma en áætlað var að hefja seinni tímann en um leið og nemendurnir náðu tókum á samspilinu mátti greina mikla einbeitningu og áhuga.

### **3.2.3 Viðtal við kennara B**

Þegar kom að námsmati hefur þessi kennari ekki stuðst við þau hæfniviðmið sem fram koma í aðalnámskrá. Heldur samdi hann sinn eigin námsvísi eða bekkjarnámskrá þegar hann hóf kennslu út frá því sem hann vildi leggja áherslu á í sínu starfi sem tónmenntakennari. Hann er þó að vinna að því að tengja námsvísinn sinn við hæfniviðmiðin svo hægt sé að nýta hann til námsmat.



Helstu áskoranirnar sem hann hefur mætt í starfi eru agamál. Þau vilja oft vera tímafrek og hvímeið, sérstaklega þar sem kennslustundirnar eru einungis fjórtíu mínútur og tíminn oft fljótur að líða. Einnig hefur það verið mikil áskorun að samþætta þær námsgreinar sem kenndar eru innan skólans. Það hefur lengi verið draumur að ná að vera í meira samstarfi við aðrar námsgreinar en það hefur ekki gengið eins vel og vonast var eftir, samþætting við íslenskukennslu og öðrar list- og verkgreinar hefur þó tekist vel í einstaka verkefnum. Það er líka mikilvægt að huga að sjálfum sér því eftir mörg ár í tónmenntakennslu geta komið upp alvarlegir kvillar á borð við eyrnasuð.

Þegar kom að ráðleggingum til nýrra tónmenntakennara þótti kennaranum mikilvægast að vera maður sjálfur, fylgja sínum karakter, nýta styrkina sem standa til boða og fara á námskeið. Ekki eingöngu á Íslandi heldur líka erlendis, því meiri þekkingu sem maður hefur því skemmtilegra verður starfið. Einnig er mikilvægt að vera duglegur að leitast eftir samþættingu við aðrar námsgreinar.

### **3.2.4 Umræður og samantekt um skóla B**

Í öllum tímum sem ég fylgdist með í þessari kennslu var virkni nemenda í forgrunni en mismunandi aðferðum var þó beitt og var augljóst að elstu nemendurnir voru orðnir vel þjálfaðir í tónmennt. Með því að fá að fylgjast með svona breiðum aldurshóp var hægt að sjá hvernig uppbygging kennslunnar er. Allt frá auðveldum hreyfingum í takt við tónlist í fyrsta bekk, til virkilega vel heppnaðs samspils á mismunandi erfiðleikastigum. Þjálfun nemendanna byggist að miklu leyti á kenningum Orff Schulwerk, þar sem markmiðið er að nemandinn getur bæði skapað sín eigin verk og byggt ofaná fyrirfram ákveðin tónverk (Mark and Madura, 2010). Fyrirmælin voru aldrei flókin og nemendur vel undirbúnir til að takast á við þau verkefni sem lögð voru fyrir þá.

Aðdáunarvert var að fylgjast með kennaranum sjálfum og mátti sjá að hann býr yfir bæði mikilli starfsreynslu og þekkingu á sviði tónmenntar. Kennarinn var snöggur að grípa inn í óviðeigandi hegðun og voru nemendur vel að sér komnir í reglum tónmenntastofunnar. Kennarinn var einnig fljótur að finna tækifæri til að hrósa nemendum og duglegur að leiðrétta án þess að nemandinn upplifði sig síðri en hinir.

### **3.3 Skóli C: Yngsta og miðstig**

Skóli C er með nemendur frá fyrsta bekk upp í sjötta bekk. Tónmenntakennarinn sem ég heimsótti kennir öllum bekkjum skólans einn tíma á viku nema hluta af nemendum í fyrsta bekk. Kennslustundirnar eru fjórtíu mínútur og þá mætir heil bekkjareining í senn eða um tuttugu nemendur. Ásamt því er hann einnig með tvo kóra sem báðir mæta einusinni í viku, annars vegar kór yngri nemenda skólans og hins vegar kór eldri nemenda skólans. Í skólanum stýrir tónmenntakennarinn ásamt aðstoðarmanni, morgunsöngi á hverjum morgni þar sem allir nemendur skólans koma saman á sal skólans og syngja tvö til þrjú lög.

#### **3.3.1 Aðbúnaður í skóla C**

Tónmenntastofan er lítil og alveg ólík þeim stofum sem ég hef heimsótt hingað til. Hún er þó vel upp sett, með píanói, spjaldtölvum, nokkrum stafspilum, bekkjarsetti af trommum af ýmsu tagi, körfur með hristum, tréstöfum og öðrum skólahljóðfærum og bekkjarsett af ukulele. Motta er í einu horni stofunnar með púðum fyrir nemendur til að fá sér sæti á í verkefnavinnu. Stólar eru um miðja stofuna þar sem nemendur fá sér sæti þegar þeir koma í stofuna. Stofan er svo einnig útbúin skjávarpa og hátölurum.

Stofan er vel útbúin til tónmenntakennslu í smærri hópum og hún hefur allt til alls þegar kemur að skapandi vinnu. En vert er að nefna að hún er lítil og ekki mikið pláss til athafna þegar stórir hópar eru saman komnir í stofuna líkt og er í þessu tilfelli.

#### **3.3.2 Kennslustundirnar í skóla C**

Fyrsta kennslustund dagsins var hjá sjötta bekk og voru nemendur í hópavinnu sem þeir höfðu verið að vinna að í nokkrar kennslustundir. Verkefnið gekk út á að hópurinn átti að finna sér tónlistarmann eða hljómsveit að eigin vali og búa til kynningu um hann. Þeir fengu skýr fyrirmæli á skjá um hvað ætti að koma fram um þennan tónlistarmann eða hljómsveit. Þetta var lokatíminn til að vinna að þessu verkefni þar sem kynningin á því átti svo að fara fram næst þegar þau kæmu í tónmennt. Þá áttu nemendur einnig að vera tilbúnir með lag eða tóndæmi frá þessum tónlistarmanni eða hljómsveit sem átti svo að spila í lokin á hverri kynningu fyrir sig. Nemendurnir voru mjög áhugasamir um þetta verkefni enda

fengu þeir að velja sér viðfangsefnið alveg sjálfir, engin skilyrði voru um útlitið á veggspjaldinu en nemendur fengu úthlutaðan karton pappír og hvítum blöðum til verkefnavinnunnar. Einnig fengu þeir að prenta út myndir af viðfangsefnum sínum til að setja meiri svip á verkefni sín. Öll skrifföng voru til staðar í stofunni og því næg tækifæri til sköpunar á hverju veggspjaldi.

Næsta kennslustund var hjá fyrsta bekk og fengu nemendur sér sæti við komuna í stofuna og hófst kennslustundin á söng. Textanum var varpað upp á vegg með skjávarpa og tónmenntakennarinn lék undir á píanó. Lögin sem sungin voru í þessum tíma voru *Óskasteinar* og skólasöngur skólans, *Á Laugarvegi* og lagið *Bullutröll*. Næst hlustuðu þau á lagið *Sáúð þið hana systur mína* og áttu að hlusta eftir hinum ýmsu hljóðfærum sem koma við sögu í því lagi. Í lokin var svo sýndur hluti af söngleiknum Pétri og úlfinum. Í því myndbandi eru þau hljóðfæri sem notuð eru til að túlka persónurnar kynnt fyrir nemendum í skemmtilegu myndmáli: Sagan var sögð og nemendur hlustuðu eftir hljóðfærunum þegar viðkomandi sögupersóna var kynnt. Nemendurnir höfðu mjög gaman af þessari kynningu og tóku vel eftir öllu sem fram fór. Það var einnig augljóst að söngurinn er stór hluti af tónmenntakennslunni og nemendurnir kunnu vel að meta það. Þeir sungu hátt og snjallt og voru fljótir að fylgja eftir bæði hraða og styrkleika breytingum sem kennarinn setti fyrir.

Í þriðju kennslustund dagsins fékk ég að fylgjast með öðrum bekk. Þau byrjuðu á því að setjast á gólfið og syngja skólasönginn, þegar yfirferðinni á honum var lokið sagði kennarinn þeim söguna á bak við lagið *Móðir mín í kví kví* og strax í kjölfarið kenndi hann þeim lagið og þau sungu það svo tvisvar sinnum yfir. Næst settust þau í hring og sungu lagið *Draugatangó*, nemendurnir kunnu lagið vel og eftir eina yfirferð á laginu fóru þau í leikinn sem fylgir því lagi, úr heftinu *Það var lagið*, þar sem einn nemandi fer undir teppi og leikur draug og velur svo næsta nemenda í lok lagsins til að taka við hlutverki draugsins. Kennarinn náði að halda góðri áheyrn nemendanna þegar hann sagði þeim söguna og voru nemendurnir mjög fljótir að ná laginu sem fylgir. *Draugatangó* er einnig skemmtilegur leikur og hægt að þróa hann enn frekar, tíminn var þó svo fljótur að líða að ekki náðist að fara lengra með leikinn.

Næsta kennslustund var hjá sjötta bekk, þau voru að vinna að sama verkefni og hópurinn sem ég hitti fyrr um daginn. Frábært var að fylgjast með tveimur hópum

vinna að samskonar verkefni og sjá hvað styrkleikar nemenda liggja á mismunandi stöðum. Nemendurnir í þessum hóp voru margir komnir talvert lengra með verkefnin sín og sum voru með nánast fullkláruð verkefni. Þessir nemendur áttu svo líkt og fyrri hópurinn að kynna verkefnið sitt fyrir bekknum sínum í næsta tíma.

Þá var komið að þriðja bekk, þau tóku sér langan tíma að koma í stofuna og ná sér niður. Þegar þau höfðu fengið sér sæti var byrjað á söng. Lögin sem þau sungu voru *Geimlagið*, *Sautjánþúsund sólargeislar* og skólasöngurinn. Margir nemendur voru að syngja geimlagið í fyrsta sinn og þurfti ekki nema tvær yfirferðir á laginu til að allir voru farnir að syngja með. Í þessum tíma var kennarinn að kynna fyrir nemendum hljóðfærið ukulele. Hann fór vel yfir alla eiginleika hljóðfærisins og sýndi þeim nokkra auðvelda hljóma. Í lokin sýndi hann þeim myndband af Israel Kamakawiwo'ole flytja lagið *Somewhere over the rainbow* á ukulele. Nemendurnir tóku vel undir í söngnum og sýndu hljóðfærinu mikinn áhuga.

Síðasti tími dagsins var hjá fimmta bekk, þetta var síðasta kennslustund dagsins og komin var svolítill óeirði í nemendum. Það tók því smá stund að ná nemendum niður. Líkt og í tímanum á undan hófst tíminn á söngstund, þau lög sem voru sungin voru *Á skíðum skemmti ég mér* og *Esjan*. Kennarinn fór yfir styrkleikabreytingar í lögnum og prófaði hópinn áfram í því. Því næst voru lögin sungin í heild sinni með þeim styrkleikabreytingum sem kennarinn setti fram. Nemendurnir tóku vel undir og augljóst að þeir eru vel þjálfaðir á sviði samsöngs. Þessi hópur var að horfa á leikna bío mynd um ævi Beethovens og eftir sönginn var haldið áfram með það áhorf. Nemendurnir sýndu Beethoven mikinn áhuga og spurðu kennarann margra spurninga að áhorfi loknu.

### 3.3.3 Viðtal við kennara C

Þegar kemur að námsmati metur kennarinn hvern nemanda fyrir sig út frá virkni og hegðun nemandans, hann notast ekki mikið við aðalnámskrá en hefur sína eigin bekkjarnámskrá sem hann vinnur út frá. Þar er ákveðinn stígandi í námi barnanna sem hæfir hverjum árgangi fyrir sig. Vert er að hafa í huga að tónmennt er flæðandi fag og mikilvægt að vera sveigjanlegur og tilbúinn að breyta út frá plani.

Áskoranirnar eru af ýmsum toga en stærsta áskorunin sem þessi kennari hefur þurft að takast á við er stærð hópanna sem koma til hans í hverjum tíma. Ásamt stærð rýmisins en nemendur eru vanalega um og yfir tuttugu í senn. Það hefur

gert það að verkum að vinna með tónlistarsköpun á hljóðfæri hefur ekki gengið nægilega vel. Mikill hávaði vill myndast og kemur vanlíðan nemenda fljótlega í ljós í þeim aðstæðum. Kennarinn leggur mikið upp úr því að nemendum líði vel hjá sér og því hefur sú vinna ekki fengið að vera í forgrunni. Hegðunarvandamál geta sömuleiðis verið stór áskorun. Kennslustundirnar eru ekki nema fjórtíu mínútur í senn því er lítið svigrúm til að takast á við slíkt.

Helstu ráðleggingarnar kennarans til nýrra tónmenntakennara eru að byrja á því að byggja upp kennsluna á sínum styrkleikum og finna fyrir öryggi í starfinu. Passa að ætla sér ekki of mikið í byrjun, gefa sér tækifæri til að aðlagast og finna sinn takt og leitast eftir áskorunum.

### **3.3.4 Umræður og samantekt um skóla C**

Í þessari heimsókn fékk ég að fylgjast með tónmenntakennslu þar sem virknin er ekki fólgin í miklum hljóðfæraleik heldur í söng, hlustun og öðrum verkefnum. Það var áhugavert að fá að sjá þá hlið á kennslunni líka. Kennarinn kom inn á, að í ljósi þess að nemendahóparnir eru svo stórir og kennslustundirnar stuttar þá hefur það ekki gengið nógu vel að samtvinna hljóðfæraleik í kennsluna. Nemendurnir verða fljótt þreyttir og upplifun þeirra litast af því. Þessi tónmenntakennari leggur því mikið upp úr því að allir nemendur syngi mikið og geti verið virkir þátttakendur í morgunsöng skólans. Þar fá flestir nemendur tækifæri til að vera þátttakendur í tónlist án þess að upplifa vanlíðan af miklum hávaða eða eins og Kodály kom inná að þá er röddin það hljóðfæri sem allir geta spilað á (Mark and Madura, 2010). Það má því segja að kennsluaðferðir þessa kennara styðjist meira við aðferðir Kodály en aðferðir Orff.

Nemendur voru virkir allar kennslustundirnar og óskuðu margir bekkirnir eftir því að fá að flytja skólasönginn fyrir mig. Kennarinn fylgdist vel með hvort allir nemendur tækju þátt í söngstundunum. Þau myndbönd sem nemendur horfðu á voru gerð til virkrar hlustunar og kennarinn stoppaði myndböndin reglulega til spyrja nemendur út úr því sem fram fór og passaði uppá að allir væru að fylgjast vel með.

## 4 Samantekt

Í þeim vettvangsheimsóknum sem ég fór í við gerð þessa verkefnis heimsótti ég þrjá ólíka kennara sem allir voru með mismunandi aðbúnað. Aldur nemenda var einnig fjölbreyttur sem og stærð nemendahópana. Þá mátti einnig greina að bakgrunnur kennaranna var mismunandi en allir kennararnir voru með það að markmiði að upplifun nemenda gagnvart tónmennt ætti að vera jákvæð. Aðbúnaður á milli skóla setti sinn svip á kennsluna. Svo tekin séu dæmi, í skóla A var mikið um stafræna tæknilega vinnu með tónlist, í skóla B voru skólahljóðfærin það er stafspilin, hristur og trommur í forgrunni og í skóla C var það söngurinn.

### Hópastærð

Stærð nemendahópana hafði einnig áhrif á það sem fram fór í kennslustundum. Kennarinn í skóla B hafði orð á því að þegar vinna á með hljóðfæri í tónmenntakennslu er mikilvægt að nemendapurinn sé ekki of stór og helst ekki fleiri en tíu nemendur. Kennarinn í skóla C var einnig á sama máli en þar eru nemendur í kringum tuttugu í hverri kennslustund, hann hafði þá orð á því að í þeim kennslustundum þar sem hljóðfæravinna á sér stað urðu bæði nemendur og kennari fljótt þreyttir þar sem oft vill verða mikill hávaði. Söngur hefur fyrir vikið fengið að vera stór hluti af kennslustundinni ásamt auðveldum tónlistarverkefnum á borð við kynningar á tónlistarmönnum eða hljómsveitum. Eins er unnið að verkefnum í Garageband og bekkjarsamspil á ukulele. Í skóla A og B voru nemendahóparnir í kringum tíu nemendur í senn og mátti sjá augljósan mun á áreiti innan kennslustofunnar. Nemendurnir höfðu fleiri tækifæri til vinnu með hljóðfærum og auðveldara var að stýra hljóðfæraleiknum í átt að sköpun.

### Kennsluaðferðir

Mismunandi var eftir kennslustundum hvort þær væru kennarastýrðar eða byggðu á frjálsri sköpun nemenda. Í skóla A hófst kennslustundin alltaf á því að kennarinn ræddi stuttlega við nemendur en svo fengu þeir frelsi til að skapa sín eigin verk þó með fyrirfram ákveðin form í huga en lokaniðurstaðan var á valdi nemendans. Í skóla B voru kennslustundirnar að mörgu leyti kennarastýrðar en á þeim tíma sem ég heimsótti kennslustundirnar var verið að vinna með samspil á fyrirfram ákveðnum lögum sem þurftu stýringu kennarans. Í skóla C voru kennslustundirnar að miklu leyti kennarastýrðar, mikið byggt á söng og virkri hlustun en þarna spila

inní stærðir nemendahópana og lengd kennslustundanna. Það er erfitt viðureignar að þegar tuttugu nemendur eru komnir saman í tónmennt og kennslustundin einungis fjórtíu mínútur þá sér í lagi ef vinna á með hljóðfæri, bakgrunnur nemenda er misjafn og þekking þeirra á hljóðfæri mismikil. Hávaði í kennslustofunni getur einnig orðið mjög mikill þegar svo stór hópur er saman kominn í hljóðfæravinnu, það eitt og sér getur dregið úr þrótti bæði kennara og nemenda. Kennarinn reyndi þó eftir fremsta megni að gefa nemendum sínum færi á sjálfstæðri sköpun.

Í tónmennt er mikilvægt að hafa gott jafnvægi á milli kennarastýrðra verkefna og nemendastýrðra svo nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum sínum. Mikilvægt er þó að taka tillit til aðstæðna á borð við stærð kennslurýmisins, fjölda nemenda og lengd kennslustunda. Það getur verið erfitt að láta eina kennslustund passa inn í fjórtíu mínútna ramma. Því á þeim tíma þarf að koma fyrir kveikju eða upprifjun frá síðustu kennslustund, taka fram viðeigandi hljóðfæri, raftæki eða annað námsefni og hefja svo sjálfa kennslustundina. Þá á enn eftir að taka inn í myndina frágang á stofunni sem og loka yfirferð á kennslustundinni til að passa að nemendur fari út úr stofunni með eitthvað í farteskinu. Útfærslurnar geta verið að minnka nemendahópana, lengja kennslustundirnar eða að setja upp kennslustund sem passar innan þess ramma sem kennaranum er gefinn.

### Viðfangsefni

Tónlistarval kennaranna var fjölbreytt, lítið var þó um klassíska tónlist en íslensk þjóðlagatónlist kom nokkrum sinnum fyrir. Barnalög hjá yngri hópunum ásamt nýlegri íslenski tónlist og svo blanda af bæði gamalli og nýrri popptónlist hjá eldri hópunum. Í þessu tilfelli tel ég að kennarar séu að höfða til áhuga nemenda og fá því tónsmiðir frá klassískatímabilinu litla áheyrn. Framboð af tónlist er mikið og mikilvægt að mismuna ekki tónlistastefnum. Nauðsynlegt er því að finna gott jafnvægi í því tónlistarvali sem nemendur kynnast í tónmennt.

### Agastjórnun

Virgni og hegðun nemenda var mismunandi eftir kennslustundum, það var þó frábært að fylgjast með hvernig kennararnir beittu sér í þeim efnum. Í öllum tilfellum notuðu þeir hvatningu umfram neikvæð viðbrögð, sem dæmi ef nemandi var að sýna óæskilega hegðun, staldraði kennarinn við hjá þeim nemenda skoðaði

verkefnið sem hann var að vinna að. Þar leitaði hann sérstaklega af einhverju atriði til að hrósa honum fyrir og spurði svo hvað væri næsta skref, ef nemandinn var alveg stopp kom kennarinn upp með sniðugar útfærslur sem hægt væri að vinna með. Í einhverjum tilfellum þar sem bekkirnir voru hvað mest krefjandi var gripið til þess ráðs að hafa einhverskonar gulrót í lok tímans líkt og stutta umbun fyrir góða hegðun, svo sem óskalag frá nemendum af youtube eða stuttur leikur í spjaldtölvu. Kennarar þurftu því ekki að beita sér sérstaklega í þeim efnum á meðan heimsókn minni stóð.

### Námsmat

Þegar kemur að námsmati í tónmennt tala kennarar um að ekki sé auðvelt að meta nemendur út frá aðalnámskrá, hæfniviðmiðin eru opin til túlkunar, bakgrunnur tónmenntakennara er misjafn og því eru mismunandi áherslur lagðar í fagið í hverjum skóla fyrir sig. Kennarar virðast frekar útbúa sér bekkjarnámskrá sem þeir tengja svo síðar við hæfniviðmið aðalnámskrár. Þetta form gefur tónmenntakennurum færi á að vinna að markmiðum aðalnámskrár á sínum forsendum, því líkt og áður hefur komið fram er bakgrunnur tónmenntakennaranna misjafn.



## 5 Lokaorð

Það sem fer fram í tónmenntakennslunni er mjög fjölbreytt en sköpun nemenda er þó í miklum forgrunni hvort sem hún kemur í formi spuna, samspils, raftónlistar eða samsöngs. Allt eru þetta góðar og gildar aðferðir í tónmenntakennslu.

Hæfniviðmið í tónmennt í aðalnámskrá eru ekki niðurnjörfuð heldur eru þau opin til túlkunar. Mörgum kennurum gæti þótt óþægilegt að starfa undir slíkum skilyrðum en í ljósi þess hve tónmennt er fjölþætt fag gefur það tónmenntakennurunum tækifæri á að byggja kennsluna á sinni sérþekkingu og bæta svo við hana þegar fram líða stundir.

Tónmenntakennarinn þarf að sýna öryggi í starfi, á sama tíma er einnig mikill kostur að vera sveigjanlegur. Tónmennt er fag sem þarf mikinn undirbúning og krefst mikillar þekkingar á hinum ýmsu tónlistarstefnum. Þá er mikilvægt að sækja námskeið bæði innanlands og erlendis og vera duglegur að uppfæra sig í starfi. Hljóðfæraleikur tónmenntakennarans er einnig stór þáttur í kennslunni og því nauðsynlegt fyrir hann að kunna vel á eitthvað hljóðfæri.

Starf tónmenntakennarans hefur sannarlega sínar áskoranir, hávaði getur verið mikill og afleiðingar hans geta verið skaðlegar. Mikilvægt er því að huga að hljóðvist kennslustofunnar en einnig getur notkun eyrnatappa minnkað það álag sem myndast við slíkan hávaða. Mikilvægt er að tónmenntakennarar setji ekki á sig of miklar kröfur þá sér í lagi í upphafi starfsferils, kennsluáætlanir ganga stundum ekki upp og er mikilvægt að vera undirbúin að þurfa að aðlaga þær á hverjum tímapunkti fyrir sig. Mun ánægjulegra getur verið að fylgjast með litlum sigrum sem eiga sér stað í kennslustundinni eða þegar nemendur upplifa eitthvað einstakt þegar kemur að tónlist.

Þegar horft er til þeirra heimsókna sem ég hef farið í hingað til í tónmenntakennslu, er margt sem ég get dregið lærdóm af. Fyrst og fremst er mikilvægt að vera samkvæmur sjálfum sér. Að eiga góðan námsgagnabanka með skemmtilegum verkefnum bæði stórum og smáum er mikill fjársjóður í starfi tónmenntakennarans. Fjölbreytt úrval af sönglögum fyrir alla aldurshópa er mikið lykiltríði. Í gegnum tíðina hef ég sé virkilegar skemmtilegar verkefnaútfærslur í kjölfar þeirra sönglaga sem verið er að vinna með í kennslustund, slík verkefni verða ósjálfrátt minnistæðari í hugum nemenda.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla 1976. Tónmennt. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla 1989. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla 1999. Listgreinar. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Listgreinar. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. (2014). List- og verkgreinar. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls 241-275). Háskólaútgáfan.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónmenntakennsla í íslenskum grunnskólum. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 37-54. <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1971/983>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 63-76. [https://skemman.is/bitstream/1946/15132/1/4\\_helga1.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/15132/1/4_helga1.pdf)
- Meyvant Þórólfsson. (2015). *Aðalnámskrá grunnskóla. Stutt samantekt*.
- Michael L. Mark og Patrice Madura. (2010). *Music education in your hands: an introduction for future teachers*. Routledge
- Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskylduáldri. 1960. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.